

Nr. 112 / 09 Björgúlfur Pálsson SH 225***Skipverji slasast þegar fiskikar fellur á hann***

Skipaskr.nr. 6918
 Smíðaður: hafnarfirði 1987 plast
 Stærð: 6,9 brl. 5 bt.
 Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
 Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,8 m
 Vél: Volvo Penta 148 kW 1992
 Fjöldi skipverja: 1



Björgúlfur Pálsson ©Alfons Finnsson

Gögn:
 Lögregluskýrslur
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. apríl 2009 var Björgúlfur Pálsson SH 225 við bryggju í Ólafsvík.

Verið var að taka ís um borð fyrir róður. Tómt fiskikar sem verið var að hífa í land féll úr króknum og lenti á hægri öxl skipverja sem stóð á þilfarinu. Skipverjinn fann til eymsla og taldi að það mundi lagast en að nokkrum mánuðum liðnum þurfti hann að fara í aðgerð á öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að karið var með láréttum eyrum á öllum hornum en híft í tveimur „J“ krókum þar sem ekki voru fleiri krókar í klöfunum;
- að húkkað var í hornin utan frá;
- að slasaði sagði að karið hafi rekist utan í bryggjuna og við það húkkaðist annar krókurinn úr eyranu og í kjölfarið hinn;
- að kranamaður staðfesti að karið hafi rekist aðeins utan í þegar sláttur kom á það og hann hafi ekki náð að forða því með krananum. Hann taldi einnig að slasaði hafi húkkað tæpt í eyrun og því hafi það fallið.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins má rekja til þess að krókarnir hafi verið rangt húkkaðir í karið.